



Beiðni um niðurfellingu vanrækslugjalds

sbr. 38. gr. reglugerðar nr. 8/2009 um skoðun ökutækja

Fastanúmer ökutækis

Nafn skráðs eiganda/umráðamanns

Kt.

Netfang

Lögheimili (gata/bær)

Póstnúmer

Sveitarfélag

Sími/GSM

Þess er beiðst að vanrækslugjald sem lagt hefur verið á ofangreint ökutæki verði fellt niður. Ástæða beiðninnar er (hakið við eitthvað af eftirfarandi):

- Ökutækið er utan Íslands en innan evrópska efnahagssvæðisins og fékk gilda skoðun þar áður en gjaldið var lagt á. Staðfesting skoðunarstofu eða Umferðarstofu á að gild skoðun hafi farið fram fylgi.
- a) Ófærð (vegir skulu hafa verið ófærir a.m.k. síðustu tvær vikur fyrir álagningu gjaldsins).
 b) Miklar vegalengdir í næstu skoðunarstöð (yfir 80 km).
 c) Ekki möguleiki á að færa ökutækið til skoðunar innan tilskilins tíma frá gildistöku reglugerðar nr. 8/2009 um skoðun ökutækja (9. janúar 2009) þar sem það er í eyju (á aðeins við um eyjur á íslensku yfirráðasvæði þar sem er föst búseta).
- Ökutækið er yfir 3,5 tonn að þyngd og þarf því við skoðun m.a. að fara í sérstakan hemlaprófara sem ekki hefur verið til staðar á næstu skoðunarstöð eftir gildistöku reglugerðar nr. 8/2009.
- Vegna langvinnra veikinda eiganda/umráðamanns (lengur en 30 síðustu dagana fyrir álagningu gjaldsins) reyndist ekki unnt að færa ökutækið til skoðunar á tilsettum tíma (læknisvottorð eða önnur samsvarandi staðfesting fylgi).
- Eigandi/umráðamaður ökutækis er látinn. Undirritist af fyrirsvarsmanni dánarbús eða sýslumanni.

Athugið að bilun ökutækis eða skortur á varahlutum er ekki gild ástæða til niðurfellingar vanrækslugjalds. Sama á við um bágan fjárhag umsækjanda eða að ekki var vitað um reglur um álagningu gjaldsins.

Við ákvörðun um niðurfellingu vanrækslugjalds skv. liðum 2-3 er miðað við lögheimili skráðs eiganda eða umráðamanns ökutækis þegar álagning fer fram.

Aðrar ástæður til beiðni um niðurfellingu vanrækslugjalds eða annað sem undirrituð/aður vill taka fram til stuðnings beiðni:

.....
.....
.....

Staður og dagsetning

Undirritun eiganda/umráðamanns

Sendist sýslumanninum í Bolungarvík ásamt gögnum á/i:

1) Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík eða 2) Netfangið vekja@syslumenn.is eða 3) Fax 456-7573